



Fundargerð

181. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 14. jan 2014 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Ráðhús Fellabæ
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi

- a) **Drög að fráveitusamþykkt.** Stjórn er sammála um að bíða með umsögn um samþykktirnar þar til að liggur fyrir umsögn Samorku. Eins er stjórn sammála um að kalla inn fulltrúa frá HAUST á þar næsta fund stjórnar til að fara yfir drögin og fleiri atriði.
- b) **Breyting á Aðal- og deiliskipulagi vegna Ylstrandar við Urriðavatn.** Stjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gögn.
- c) **Fyrirverandi neysluvatnstankur á Þverklettum.** Innkomið er erindi dags. 11.06.2014 frá undirbúningshópi um nýtingu á niðurlögðum vatnstanki á Þverklettum. Fyrirverandi stjórn var búin að samþykkja að tankurinn væri rifinn. Stjórn telur að ef aðilar eru tilbúnir að taka tankinn yfir og leysa HEF ehf. þar með undan skyldum gagnvart mannvirkinu þá þarf að gera um það sérstakan samning við bæjaryfirvöld þar sem að tankurinn stendur ekki á skráðri lóð. Samkvæmt áætlun er niðurrifskostnaður er um kr. 1.000.000,-.



2. Ráðhús Fellabæ

Framlögð gögn: Samkomulag um kaup HEF á eigninni á Einhleypingi 1 í Fellabæ dags 2. janúar 2015.

Málinu var frestað frá síðasta fundi. Samkomulagið borið upp til atkvæða: Samþykkt með 3 atkvæðum og tvö sátu hjá (KL) og (GB).

Karl og Guðbjörg leggja fram eftirfarandi bókun: Eins og staðan er á framboði skrifstofu- húsnaðis í sveitarfélaginu, teljum við að kaup HEF á ráðhúsinu í Fellabæ verði félaginu ekki til hagsbóta og að kaupin munu vera HEF íþyngjandi a.m.k. næstu ár.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- Endurnýjun á stofnlögn yfir Egilsstaðanesið –hugmynd að lagnaleið og gróf tímaáætlun til undirbúnings framkvæmdarinnar kynnt.
- Vinna við ársreikning og endurskoðun er að hefjast og miðar vinnan að það verði lögð fram drög um miðjan febrúar.

4. Önnur mál

- a) Fundartími stjórnar 2015 – formanni og framkvæmdastjóra falið að setja upp fundadagatal fyrir árið 2015 .
- b) Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 28. janúar n.k. kl 12:00.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:55

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson